



Fjárlögin taka á sig endanlega mynd

Tekjuafgangur minnkar í meðförum Alþingis

Fjárlagafrumvarpið var lagt fram með 15,3 ma.kr. afgangi. Nái breytingartillögur meirihluta fjárlaganefndar fram að ganga minnkar þessi afgangur um 6 ma.kr. og verður 9,3 ma.kr.

Eins og venjulega hefur farið fram mikil umræða um fjárlagafrumvarpið og áætlaðar breytingar á því. Umræðan snýst yfirleitt um afmarkaða þætti þess en minna fer fyrir því að stóra myndin sé rædd, t.d. áhrif fjárlaganna á heimilin, atvinnulíf og hagstjórn.

Breytingar byggja á endurskoðuðum þjóðhagsspám

Tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins á að byggjast á þjóðhagsspá Hagstofunnar að vori. Sú spá er svo endurmetin um haustið og getur þannig breytt forsendum um tekjur ríkissjóðs á næsta ári. Mikilvægar breytingar á horfum nú voru t.d. að útlit er nú fyrir að einkaneysla muni aukast meira en áætlað var og verðbólga verði lægri á tímabilinu.


Samkvæmt breytingartillögum meirihluta hækka tekjurnar í heild um 4,0 ma.kr. Skatttekjur hækka hins vegar um samtals 5,1 ma.kr. og munar þar langmest um 5,5 ma.kr. hækkun af virðisaukaskatti.

Áætlað er að gjaldahliðin hækki um 10 ma.kr. m.v. upphaflega frumvarpið. Þar vegur þyngst endurmat á launagrunni fjárlaganna vegna áhrifa kjarasamninga sem samtals munu leiða til rúmlega 6 ma.kr. hækkunar. Sérstakar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar fela einnig í sér aukinn kostnað. Þar er um að ræða tæpa 6 ma.kr. Þar má nefna 1 ma.kr. vegna aðstoðar við hælisleitendur og flóttafólk, og tillögu um 840 m.kr. vegna tímabundins átaks til að stytta biðlista eftir tilteknum aðgerðum í heilbrigðiskerfinu.

Mest rætt um hefðbundna liði og það sem ekki er gert


Umræða er mest um hefðbundna liði fjárlagafrumvarpsins, greiðslur til örorku- og ellilífeyrisþega og málefni Landspítalans svo eitthvað sé nefnt. Þá hefur einnig verið mikil

Tekjujöfnuður í fjárreiðum ríkisins



Heimild: Fjársýsla ríkisins, Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Hagfræðideild Landsbankans

Tillögur meirihluta um hlutfallslegar breytingar á tekjum og gjöldum



Heimild: Alþingi, Hagfræðideild



umræða um tryggingagjald sem stendur óbreytt frá upphaflegu frumvarpi. Lítil umræða er hins vegar um stóra liði sem kunna að hafa mikil áhrif á fjármál ríkissjóðs í framtíðinni, þ.e. málefni Íbúðalánasjóðs og vaxandi lífeyrisskuldbindingar.

Tryggingagjaldið

Á fyrstu árunum eftir hrun drógust skattstofnar ríkissjóðs mikið saman og þá voru skattar hækkaðir bæði á almenning og atvinnulíf. Launagreiðslur, sem eru stofn fyrir tryggingagjald lækkuðu t.d. um 25% á föstu verðlagi á milli árána 2008 og 2009.

Tekjuskattstofn lögaðila hrundi nær algerlega og sama má segja um stofn undir fjármagnstekjuskatt. Aðilar vinnumarkaðarins telja að nú sé komið svigrúm til að draga til baka skattahækkanir sem lagðar voru á í kjölfar hrunsins.


Þannig hefur stofn tryggingagjalds farið sífellt hækkandi að raungildi allt frá árinu 2010 og er nú 50% hærri en 2009. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af tryggingagjöldum verði 86 milljarðar króna sem er raunaukning um 28 milljarða króna frá árinu 2008. Tekjur ríkissjóðs af tryggingagjöldum eru áætluð 12,3% af heildartekjum 2016, samanborið við 8,8% árið 2008.

Atvinnulífið krefst þess að tryggingagjald verði lækkað og má segja að málum hafi verið þannig fyrir komið að lækkun þess sé mikilvæg forsenda fyrir friði á vinnumarkaði og mögulegri framlengingu kjarasamninga í þrjú ár samkvæmt Salek-samkomulaginu. Í því ljósi virðist einhver lækkun tryggingagjaldsins ekki vera hár verðmiði.


Íbúðalánasjóður

Í nefndaráli meirihlutans nú er sérstaklega bent á að ekki hafi verið tekið tillit til athugasemda sem voru settar fram með frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2015 þar sem varað var við því að verði ekkert að gert varðandi Íbúðalánasjóð muni framlög til hans halda áfram að aukast um árabíl. Þannig er nú gert ráð fyrir að nú komi til 1,3 ma.kr. framlag til sjóðsins á næsta ári¹. Meirihluti fjárlaganefndar bendir þarna á vandamál sem ítrekað hefur verið fjallað um,


Tryggingagjald á föstu verðlagi og atvinnuleysi



Tryggingagjald sem hlutfall af tekjum ríkissjóðs



Bein fjárframlög ríkissjóðs til Íbúðalánasjóðs



¹ Í fjárlagafrumvarpinu er bent á að fjárframlög til Íbúðalánasjóðs hafi verið 5,7 ma.kr. árið 2015 og verði 1,3 ma.kr. árið 2016. Þá hafi niðurfærsla verðtryggðra húsnæðisskuldna verið 18,4 ma.kr. árið 2015 og verði 15,5 ma.kr. árið 2016.



tillögur hafa komið fram um að leysa, en engu að síður er ekkert að gert.

Stórauknar lífeyrisskuldbindingar

Meirihlutinn fjárlaganefndar telur ástæðu til þess að benda sérstaklega á að á árinu hafi verið samið um launahækkanir sem eru miklu hærrí en á undanförunum árum þrátt fyrir að verðbólga sé í sögulegu lágmarki. Fjármála- og efnahagsráðuneytið telji þannig nú að uppsöfnuð launahækkun nemi 16,3% árið 2016 og 19% þegar hækkanirnar verða að fullu komnar til framkvæmda. Að meðtöldum launahækkunum sem þegar hefur verið gert ráð fyrir í frumvarpinu og endurmetnum áhrifum launahækkana á árinu 2015 er áætlað að samanlögð útgjaldaaukning vegna launahækkana ríkisstarfsmanna nemi um 22 milljörðum kr. á árinu 2016.


Ekki hefur enn verið lagt mat á áhrif þessa á hækkun lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs. Meirihluti fjárlaganefndar hefur framreiknað skuldbindingar eins og þær standa í árslok 2014 og fær út að í árslok verði brúttóskuldbindingin komin upp í 794 ma.kr. og hafi þannig hækkað um 126,5 ma.kr. á árinu. Út frá þessu má ætla að ófjármögnuð lífeyrisskuldbinding Ríkissjóðs nálgist að verða um 600 ma.kr. nú í árslok. Þessa upphæð á eftir að gjaldfæra í ríkisreikningi með einum eða öðrum hætti.

Mikilvægt er að útgjöld og afkoma ríkissjóðs taki mið af hagsveiflunni

Flestar ytri aðstæður eru ríkisfjármálunum hagsstæðar um þessar mundir. Óreglulegar tekjur og einskriptistekjur hafa verið miklar og von er á miklum tekjum til ríkissjóðs í tengslum við uppgjör þrotabúa gömlu bankanna. Engu að síður virðist ljóst að staða ríkissjóðs er að ýmsu leyti ekki eins góð og virðist á yfirborðinu og augljóst að stórar gjaldfærslur eiga eftir að falla á hann á næstu árum.


Það skiptir miklu á næstu misserum að vel sé haldið á málum og byrjað að huga að framtíðinni, t.d. með því að greiða inn á gífurlegar lífeyrisskuldbindingar. Þá er einnig mikilvægt að freistnivandinn nái ekki tókum á ráðamönnum og að einsskiptis tekjuauka verði varið skynsamlega til lækkunar skulda án þess að slíkt valdi of mikilli þenslu. Næstu fjárlög verða lögð fram í aðdraganda kosninga og sagan segir að

Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs á föstu verðlagi ársins 2015



Heimild: Ríkisreikningur, Fjárlög, fjárlagafrumvarp 2016, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Áætluð niðurstaða úr rekstri ríkissjóðs



Heimild: Frumvarp til fjárlaga 2016



við slíkar aðstæður sé jafnan mikil hættu á ferðum.
Miðað við aðstæður í hagkerfinu í dag er mjög
mikilvægt að ríkisfjármálunum sé beitt þannig að
þau séu í takti við peningamálastjórn Seðlabankans í
baráttu við verðbólgu og þenslu.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.